

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Seltjarnarnesbæ.

1. gr.

Af hundum á Seltjarnarnesi skal bæjarsjóður Seltjarnarnesbæjar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Seltjarnarneskaupstað, nr. 579/2008, sbr. 3. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:	
Skráning	kr. 12.000
Skráning eftir útrunnin frest,	
sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald	kr. 15.000
Bráðabirgðaskráning	kr. 5.000

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:
Fyrir hvern hund kr. 14.500.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, kr. 21.500.
Gjald fyrir fyrstu afhendingu skráðs hunds, þegar eftirlitsgjald og vottorð eru í skilum, er þó kr. 5.500.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.
Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. maí og eindagi 1. júní. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðis-
eftirliti Kjósarsvæðis er heimilt að veita afslátt af gjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur. Bæjarstjórn getur enn fremur sett reglur um slík afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber 3. gr. sam-

Nr. 1072

28. nóvember 2016

þykktar um hundahald í Seltjarnarneskaupstað, nr. 579/2008, með síðari breytingu og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 145/2010.

Seltjarnarnesi, 28. nóvember 2016.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2016